



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

25. mars 2011.

## Samkeppni og efling atvinnulífs

### Ræða Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, á innri endurskoðunardegi 2011

*Ágætu fundargestir,*

Reynsla annarra þjóða af efnahagskreppum sýnir að aðgerðir sem efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins. Þegar þjóðir standa frammi fyrir efnahagslegum áföllum sýnir reynslan að þýðing virkrar samkeppni minnkar ekki heldur vex. Þannig framlengja aðgerðir sem takmarka samkeppni efnahagsörðugleika, en aðgerðir sem miða að því að viðhalda eða efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins.

Meginþorri hagfræðikenninga styður við þá skoðun að samkeppni í viðskiptum sé æskileg þar sem hún auki velferð neytenda og stuðli að hagkvæmni í atvinnulífinu. Nánar tiltekið er virk samkeppni talin hafa eftirfarandi kosti:

- Hún stuðlar að því að neytendur fái vörur og þjónustu á sem lægstu verði.
- Hún stuðlar að auknu vöruframboði og betri þjónustu og vörum.
- Agi hennar knýr fyrirtæki til að hagræða í rekstri og vinnur gegn sóun.
- Hún stuðlar að nýsköpun og framförum í atvinnurekstri.
- Og hún stuðlar að þjóðhagslegri hagkvæmni í efnahagslífinu.

Á sama hátt og ljóst er að samkeppni í viðskiptum hefur jákvæð áhrif, liggur fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða. Ef engar samkeppnisreglur eru fyrir hendi aukast líkur á óæskilegri hegðun fyrirtækja, störf tapast og réttaröryggi neytenda minnkar. Án samkeppnisreglna geta markaðsráðandi fyrirtæki hrakið minni keppinauta út af markaðnum og hindrað að nýir aðilar nái á honum fótfestu. Ef ekki væru fyrir hendi reglur til þess að vinna gegn samkeppnishamlandi samruna gætu fyrirtæki runnið saman og skapað einokun og eytt þar með allri samkeppni og valkostum neytenda á mikilvægum mörkuðum. Þá geta opinberir aðilar, stjórnvöld og stofnanir, haft skaðleg áhrif á samkeppni með því að setja upp hindranir af ýmsu tagi, meðvitað eða óafvitandi. Og síðast en ekki síst eru samkeppnishömlur sem keppinautar grípa til með samráði sín á milli sérstaklega til þess fallnar að valda almenningi og viðskiptalífinu miklu tjóni.

Fræðimenn eru sammála um að samráð keppinauta, t.d. um verð, sé mjög skaðlegt og geti skapað viðkomandi fyrirtækjum mikinn ávinning. Nýlegar rannsóknir á vegum OECD gefa til kynna að ólögmætt samráð geti leitt til allt að 60-70% hærra verðs en ella. Rök standa raunar til þess að tjón af völdum samráðs geti verið enn meira á Íslandi en í stærri ríkjum. Fjallað er um þetta í



matsgerð hagfræðinganna Guðrúnar Johnsen og Gylfa Zoëga, sem lögð var fram í máli olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu, sem rekið hefur verið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Þar kemur fram að erlendar rannsóknir um skaðsemi samráðs hafi þýðingu hér á landi en jafnframt benda hagfræðingarnir á þýðingu fámennis hér á landi og þess að þjóðfélagið einkennist af nálægð og kunningssskap. Við slíkar aðstæður aukist líkur á að stjórnendum fyrirtækja takist að stilla saman strengi, bæði er varðar þegjandi samkomulag og samráð. Af þessum sökum megi draga þá ályktun að samráð sem stofnað er til hér á landi verði árangursríkara en samráð í stærri samfélögum.

Hagfræðingarnir töldu að ávinningur olíufélaganna af samráðinu hafi verið um níttján milljarðar kr. en tjón almennings og atvinnulífsins af samráðinu hafi verið meira en nemur þessum ávinningi olíufélaganna. Þetta sýnir að hagsmunirnir af því að fyrirtæki keppi sín á milli geta verið miklir.

Með þetta í huga hlýtur það að vera keppikefli allra að vinna gegn samkeppnishindrunum af því tagi sem hér voru nefndar. Mig langar hér á eftir að reifa nokkur afbrigði samkeppnishindrana sem vert er að vera á varðbergi gagnvart. Flest ykkar starfa fyrir fyrirtæki á samkeppnismörkuðum, þ.á m. við ýmis konar ráðgjöf. Þið eruð því oft í aðstöðu til að sjá vísbendingar um samkeppnishindranir. Það er því mikilvægt fyrir ykkur að þekkja nokkur helstu afbrigði og skaðsemi þeirra.

*Byrjum á ólögumættu samráði.*

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga banna ólögumætt samráð fyrirtækja. Með ákvæðinu er reynt að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppnina. Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshegðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt.

Bann við samráði tekur m.a. til samninga sem lúta t.d. að verði, afslætti eða álagningu. Samningur getur verið á hvaða formi sem er, allt frá formlegum samningi til ófullkomins eða lauslegs sameiginlegs skilnings aðila. Tilvist samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni.

Ólögumætt samráð tekur einnig til samstilltra aðgerða. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings. Til samstilltra aðgerða teljast t.d. hvers konar samskipti milli keppinauta, bein eða óbein, sem hafa það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinautar á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til.



Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um mörg mál af þessum toga á liðnum árum. Á síðustu 10 árum hafa 29 fyrirtæki verið sektuð um samtals 4,5 milljarða króna vegna brota á banni við samráði. Við endurskoðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómstóla hefur þessi fjárhæð lækkað nokkuð. Lægstu sektirnar eru 100 þúsund kr. en þær hæstu rúmlega hálfur milljarður króna á eitt fyrirtæki.

Sem dæmi um ólögmeitt samráð langar mig til að reifa stuttlega mál sem skotið hefur upp kollinum í opinberri umræðu upp á síðkastið og varðar samráð á greiðslukortamarkaði.

Forsaga málsins er sú að í júní 2006 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit á starfsstöð Greiðslumiðlunar hf. Á grundvelli gagna sem fundust hjá fyrirtækinu var samdægurs framkvæmd leit hjá Kreditkort. Í tengslum við skoðun á haldlögðum gögnum komu fram vísbendingar um möguleg brot Fjölgreiðslumiðlunar og húsleit framkvæmd hjá því fyrirtæki þann 14. mars 2007.

Málið varðar greiðslukortamarkaðinn og undirmarkaði hans. Greiðslumiðlun og Kreditkort (nú Valitor og Borgun) eru keppinautar á markaðnum fyrir færsluhirðingu. Greiðslumiðlun var í markaðsráðandi stöðu á þessum markaði og reyndist fyrirtækið hafa misnotað þá stöðu sína. Í málinu var einnig leitt í ljós að Greiðslumiðlun og Kreditkort höfðu haft með sér alvarlegt og víðtækt ólögmeitt samráð. Fjölgreiðslumiðlun tók að hluta til þátt í þessu ólögmeita samráði. Nánar tiltekið má nefna eftirfarandi brot:

- Greiðslumiðlun og Kreditkort höfðu með sér samráð um viðbrögð og aðgerðir sem hófust í nóvember árið 2002 til að vinna gegn innkomu PBS/Kortapjónustunnar á færsluhirðingarmarkaðinn á Íslandi. Þessi félög höfðu frumkvæði að þessu samráði en Fjölgreiðslumiðlun tók þátt í því með m.a. upplýsingamiðlun um þennan nýja keppinaut.
- Samráð var milli Greiðslumiðlunar og Kreditkorts um að viðhalda gagnkvæmum skilningi um að félögin sæktust ekki eftir umsýsluleyfum undir vörumerkjum hvors annars. Í þessu fólst sameiginlegur skilningur um að Greiðslumiðlun keppti ekki við Kreditkort í færsluhirðingu á MasterCard/Maestro kortum og Kreditkort keppti ekki við Greiðslumiðlun í færsluhirðingu á VISA/Electron kortum.
- Greiðslumiðlun hafði samráð við Kreditkort um að það fyrirtæki myndi ekki fara út í posaleigu í samkeppni við Greiðslumiðlun gegn samningi um að Kreditkort fengi þess í stað að kaupa VISA Raðgreiðslusamninga. Í þessu fellst að félögin höfðu með sér samráð um markaðsskiptingu sem var til þess fallið að takmarka samkeppni á posaleigumarkaði.
- Kreditkort og Greiðslumiðlun höfðu með sér samráð um hlut útgefanda í þóknun frá söluaðilum vegna notkunar debetkorta.
- Kreditkort og Greiðslumiðlun viðhöfðu samráð um að draga úr samkeppni í tilboðum til viðskiptavina auk samráðs um markaðs- og kynningarstarf. Fólst þetta t.d. í því að hætta að bjóða viðskiptavinum upp á tiltekin tilboð.



- Greiðslumiðlun og Kreditkort höfðu með sér samráð um setningu ýmissa skilmála sem tengjast greiðslukortastarfsemi og sem varða m.a. rekstrarlega þætti hjá söluaðilum og hagsmuni korthafa.
- Kreditkort, Greiðslumiðlun og Fjölgreiðslumiðlun höfðu með sér upplýsingaskipti um viðskiptaleg málefni, eins og t.d. upplýsingar um markaðshlutdeild, verð og verðlagningaráform.
- Greiðslumiðlun og Kreditkort höfðu með sér samráð um ýmis þróunar- og fjárfestingarverkefni tengd greiðslumiðlun og færsluhirðingu. Markmiðið var að verja stöðu félaganna í færslu- og greiðslumiðlun og að takmarka hættu á mögulegri samkeppni í framtíðinni.
- Innan vébanda Fjölgreiðslumiðlunar átti sér einnig stað ólöglegt samráð, m.a. á vettvangi svokallaðrar Rekstrarnefndar RÁS-þjónustunnar, sem starfaði innan FGM og fjallaði m.a. um tækni- og öryggismál, staðlagerð og vottun.

Undir rekstri málsins snéri Greiðslumiðlun sér til Samkeppniseftirlitsins og óskaði eftir að gera sátt um niðurstöðu málsins. Síðar fóru Kreditkort og FGM fram á hið sama. Á tímabilinu nóvember 2007 til janúar 2008 gerðu fyrirtækin sáttir við eftirlitið sem fólu í sér viðurkenningu á broti og greiðslu á stjórnvaldssektum, samtals 735 m.kr. Auk þess féllust félögin á að gera viðamiklar breytingar á starfsemi sinni og tilhögun. Þær aðgerðir og málið í heild sinni hefur leitt til þess að samkeppnishindrunum af ýmsu tagi hefur verið ýtt úr vegi og samkeppnisaðstæður miklu betri, söluaðilum og neytendum til hagsbóta. Hvort þörf er frekari aðgerða verður að koma í ljós í fyllingu tímans. Málið allt er ítarlega rakið í ákvörðun nr. 4/2008, sem aðgengileg er á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

*Víkjum því næst að misnotkun á markaðsráðandi stöðu,*

Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar misnotkun fyrirtækis á markaðsráðandi stöðu þess. Í banninu felst að markaðsráðandi fyrirtæki er óheimilt að styrkja stöðu sína á markaði með öðrum aðgerðum en samkeppni á grundvelli rekstrarlegrar frammistöðu fyrirtækisins. Það þýðir óhjákvæmilega að möguleikar markaðsráðandi fyrirtækja til að taka þátt í samkeppni eru takmarkaðri heldur en almennt er heimilt í viðskiptum.

Markaðsráðandi fyrirtæki mega ekki grípa til neinna ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna það að markaðsráðandi fyrirtæki selji vörur undir kostnaðarverði eða tvinni saman vöru- eða þjónustuframboð á þann hátt að keppinautar með þrengra vöru- eða þjónustuframboð geta ekki keppt. Þá er það misnotkun ef markaðsráðandi fyrirtæki skuldbindur kaupanda til þess að kaupa alla tiltekna þjónustu eða vörur eða stóran hluta hennar, af því fyrirtæki. Slíkir samningar kallast einkakaupasamningar. Ástæða þess að þeir eru ólöglegir er fyrst og fremst sú að þeir eru til þess fallnir að útiloka samkeppni frá minni eða nýjum keppinautum.



Á sama hátt er markaðsráðandi fyrirtæki óheimilt að veita afslætti gegn því skilyrði að viðskiptavinurinn kaupi allt eða megnið af því sam hann þarfnast frá hinu markaðsráðandi fyrirtæki.

Á flestum mikilvægum sviðum atvinnulífsins ríkir fákeppni. Af því leiðir að Samkeppniseftirlitið fjallar um mörg mál af þessum toga. Á síðustu 10 árum hafa 13 fyrirtæki verið sektuð um samtals rúmlega 1,7 milljarð króna vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Við umfjöllun áfrýjunarnefndar og dómstóla hefur þessi heildartala lækkað í rúmlega 1,2 milljarð króna. Þar af eru 870 milljónir króna vegna sekta sem lagðar hafa verið á síðustu þrjú ár. Sem dæmi um misnotkun á markaðsráðandi stöðu langar mig til að reifa stuttlega tvö mál.

Fyrri málið varðar Haga. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 19. desember 2008 var komist að þeirri niðurstöðu að Hagar (sem reka m.a. verslunarkeðjuna Bónus) hefðu misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust gegn keppinautum félagsins á matvörumarkaði.

Brot Haga var talið felast í svonefndri undirverðlagningu á mjólk og mjólkurvörum á árunum 2005 og 2006. Í undirverðlagningu felst í aðalatriðum að markaðsráðandi fyrirtæki selur vörur undir kostnaðarverði. Slík óeðlileg verðlagning getur m.a. leitt til þess að minni keppinautar hrökklist út af markaðnum eða dragi úr verðsamkeppni við hið ráðandi fyrirtæki. Jafnvel þó að neytendur njóti þess til skamms tíma að fá vöru eða þjónustu á mjög lágu verði getur óeðlileg verðlækkun markaðsráðandi fyrirtækis valdið röskun á samkeppni. Slík röskun leiðir til lengri tíma litið til fækkunar eða veikingar keppinauta, herra verðs til neytenda, minni þjónustu eða gæða og til þess að valkostum neytenda fækkar.

Helstu mjólkurafurðir voru seldar með stórfelldu tapi og leiddi þetta til þess að verslanir Bónuss voru í heild reknar með tapi. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að í verðlagningunni fælist ólöglegt undirverðlagning og að háttsemin væri til þess fallin að viðhalda og styrkja með óeðlilegum hætti stöðu Haga á markaðnum fyrir sölu á dagvörum í matvöruverslunum. Aðgerðir Haga voru til þess fallnar að útiloka helstu keppinauta frá samkeppni. Með vísan til þess hversu alvarlegt brot Haga var og mikilla hagsmuna neytenda af samkeppni á matvörumarkaði taldi Samkeppniseftirlitið að sekt að fjárhæð 315 mkr. væri hæfileg. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að sömu niðurstöðu, héraðsdómur einnig og að lokum staðfesti Hæstiréttur niðurstöðuna óbreytta.

Seinna málið varðar misnotkun Lyfja og heilsu á markaðsráðandi stöðu. Aðdragandi málsins var að sumarið 2007 hóf nýtt apótek á Akranesi, Apótek Vesturlands (AV), samkeppni við apótek í eigu Lyfja og heilsu (L&h) sem var fyrir á staðnum. Í kjölfarið barst Samkeppniseftirlitinu ábending um að L&h hefðu gripið til aðgerða til að hindra að AV næði að hasla sér völl á Akranesi. Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn með húsleit hjá L&h í september 2007.



Eftir rannsókn málsins taldi Samkeppniseftirlitið sannað að L&h hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með skipulagðri atlögu gegn AV sem beinlínis hafði það að markmiði að raska samkeppni. Aðgerðirnar fólust annars vegar í stofnun svonefnds vildarklúbbs sem var ætlað að tryggja að mikilvægir viðskiptavinir myndu ekki hefja viðskipti við AV. Hins vegar fólust aðgerðirnar í því sem L&h nefndu „baráttuafslætti“. Um var að ræða verulega afslætti á mikilvægum lyfjum. Voru þeir aðeins í boði á Akranesi. Þessum aðgerðum var ætlað að koma AV út af markaðnum og senda skýr skilaboð til annarra aðila um að ekki borgi sig að reyna að keppa við L&h. Brotin voru talin alvarleg og L&h gert að greiða 130.000.000 kr. stjórnvaldssekt.

L&h skaut ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. júní 2010, var staðfest sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að L&h hefði verið í markaðsráðandi stöðu og að aðgerðir fyrirtækisins hefðu falið í sér alvarleg brot á samkeppnislögum. Áfrýjunarnefndin taldi hæfilegar sektir kr. 100.000.000 kr.

*Víkjum þá að opinberum samkeppnishindrunum,*

Það er ljóst að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, geta með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyzi haft mikil áhrif á samkeppni og samkeppnisskilyrði í atvinnulífinu. Í efnahagskreppu geta ráðstafanir stjórnvalda ráðið miklu um það hversu hraður efnahagsbatinn verður.

Stjórnvöld hafa fyrst og fremst því hlutverki að gegna að gæta ýmissa almannahagsmuna. Þessu sinna þau m.a. með setningu laga og reglna og opinberu eftirliti. Reglur og eftirlit getur aukið kostnað af atvinnurekstri, raskað samkeppi og unnið gegn því að ný fyrirtæki nái fótfestu á markaði. Stundum er þetta óhjákvæmilegt, en oft er fleiri en ein leið fær og ber þá að fara þá leið sem síður takmarkar samkeppni.

Um þetta fjallar m.a. álit sem Samkeppniseftirlitið beindi til forsætisráðherra í lok árs 2009, en þar var mælt til þess að forsætisráðherra stuðlaði að því að stjórnvöldum yrði gert að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Samkeppniseftirlitið hefur raunar beint fleiri álitum af svipuðum toga til stjórnvalda eftir hrun, s.s. álit nr. 3/2009, um skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni og álit nr. 4/2009, um opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir.

Um opinberar samkeppnishömlur vil ég nefna eitt nýlegt dæmi, þar sem Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að afgreiðsla Flugmálastjórnar Íslands á flugréttindum hér á landi raskaði samkeppni í áætlunarflugi til og frá landinu.



Tildrög málsins voru þau að Iceland Express hugðist bjóða í sumar upp á áætlunarflug milli London og Winnipeg í Kanada með viðkomu í Keflavík. Flugmálastjórn batt leyfi til flugsins skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið taldi að væru samkeppnishindrandi. Þannig var áskilið að Astraeus, sem er erlendur flugrekandi og flýgur fyrir Iceland Express, hlutaðist til um að íslenskir flugrekendur, þ.á. m. aðalkeppinauturinn Icelandair, fengju sambærileg flugréttindi í Kanada á við hinn erlenda flugrekanda. Slík réttindi hafa ekki verið fyrir hendi. Þannig þurftu Iceland Express og Astraeus í raun að ganga erinda fyrir sinn helsta keppinaut. Samkeppniseftirlitið taldi að þessi áskilnaður styddist ekki við heimild í lögum og hefði skaðleg áhrif á samkeppni og beindi m.a. þeim fyrirmælum til Flugmálastjórnar að fella úr gildi þetta skilyrði.

*Að síðustu vil ég gera að umtalsefni samkeppnishömlur tengdum samruna fyrirtækja.*

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga eru samrunar fyrirtækja yfir tilteknum veltumörkum tilkynningarskyldir til Samkeppniseftirlitsins. Það er óheimilt að framkvæma samruna fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um þá, nema sérstök undanþága sé veitt. Athuganir eftirlitsins beinast að því hvort viðkomandi samrunar muni hindra samkeppni gangi þeir fram. Helsta skoðunarefnið er hvort markaðsráðandi staða sé að verða til eða styrkjast.

Sé samruni talinn hindra samkeppni getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Þessum heimildum hefur Samkeppniseftirlitið beitt í nokkrum mæli á undanförunum árum. Á síðustu misserum hefur þetta samrunaeftirlit einkum beinst að yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum. Af sama meiði er nýleg ákvörðun Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa Framtakssjóðs Íslands á eignarhaldsfélaginu Vestia og fyrirtækjum í þess eigu. Samkeppniseftirlitið hefur sett um 20 slíkum samrunum ítarleg skilyrði.

Með skilyrðunum er leitast við að tryggja að eignarhald banka raski ekki samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Er þá einkum vísað til þess að hlutverk banka sem eiganda atvinnufyrirtækja fer illa saman við hefðbundið hlutverk hans í fjármálaþjónustu við fyrirtæki. Skilyrðin eru einkum eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að hið yfirtekna atvinnufyrirtæki sé selt frá bankanum innan tiltekins tíma. Sölufristir eru mismunandi eftir aðstæðum í hverju máli.
- Í öðru lagi skal banki tryggja að yfirtekna fyrirtækið starfi sem sjálfstæður keppinautur á markaði. Þetta skal m.a. gert með því að fela sjálfstæðu eignarhaldsfélagi hvers banka rekstur viðkomandi fyrirtækja. Ennfremur eru sett skilyrði um stjórnarsetu í viðkomandi eignarhaldsfélögum og atvinnufyrirtækjunum sjálfu.



- Í þriðja lagi ber banka að setja viðkomandi atvinnufyrirtækjum eðlilegar arðsemiskröfur. Þetta er mikilvægt til þess að vinna gegn því að bankar sjái sér hag í því að auka virði yfirtekinna fyrirtækja með því að fjármagna undirboð eða auka markaðssókn og stækka þar með markaðshlutdeild þeirra. Þessum skilyrðum er einnig ætlað að takmarka hættu á að stjórnendur og starfsmenn hinna yfirteknu fyrirtækja líti á eignarhald banka sem vernd gegn hvers konar áföllum.
- Í fjórða lagi er spornað gegn því að yfirtekið fyrirtæki og önnur fyrirtæki tengd viðkomandi banka beini viðskiptum sínum hvert til annars, án þess að eðlilegar forsendur um viðskiptakjör liggi til grundvallar.
- Í fimmta lagi er bönkunum óheimilt að hlutast til um viðskipti milli hinna yfirteknu fyrirtækja og viðskiptavina bankanna. Þá skal tryggja að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli þessara fyrirtækja.
- Í sjötta lagi skal tryggja gegnsæi í rekstri yfirtekinna fyrirtækja. Þannig skal birta ársuppgjör og hálfársuppgjör þeirra opinberlega. Jafnframt skal birta margvíslegar upplýsingar um starfsemi eignarhaldsfélaga og hinna yfirteknu fyrirtækja, auk upplýsinga um framkvæmd skilyrðanna.
- Í sjöunda lagi er mælt fyrir um ítarlegt og viðvarandi eftirlit innan bankanna með framkvæmd skilyrðanna, ásamt reglulegri skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins.

Af 21 ákvörðun af þessu tagi eru 15 enn virkar en í 6 tilvikum hafa orðið breytingar á eignarhaldi og skilyrðin því úr gildi fallin. Fleiri ákvarðanir eru í farvatninu.

Samkeppniseftirlitið fylgir skilyrðunum eftir með virku eftirliti. Brot á þeim geta augljóslega raskað samkeppni með alvarlegum hætti og geta varðað háum stjórnvaldssektum. Það er ekki komin reynsla á beitingu viðurlaga vegna brota banka á umræddum skilyrðum. Ýmis dæmi eru þó um að brot á ákvörðunum af þessu tagi hafi sætt viðurlögum. Eitt skýrasta dæmið er ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2009, sem varðar samruna Teymis og IP-fjarskipta (Tal), en sá samruni var bundinn skilyrðum sem tryggja áttu samkeppnislegt sjálfstæði Tals. Grunsemdir vöknuðu um að skilyrði ákvörðunarinnar hefðu verið brotin. Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn með húsleit hjá Teymi og dótturfélögum. Málinu lyktaði með því að Teymi viðurkenndi brotin, greiddi 70 m.kr. sektir, auk þess sem mælt var fyrir um að Tal yrði selt frá Teymi innan tiltekinna tímamarka. Sú sala gekk eftir á síðasta ári.

*Ágætu fundargestir,*

Hér í upphafi rakti ég mikilvægi þess að kraftar samkeppninnar væru nýttir til þess að efla atvinnulífið og hraða endurreisn. Því til stuðnings vék ég að skaðsemi





samkeppnishindrana. Þau mál sem hér hafa verið rakin styðja þetta enn frekar. Þau sýna jafnframt að víða er pottur brotinn. Verkefnið er því ærið. Það er ekki bara á hendi Samkeppniseftirlitsins. Það er á hendi eigenda og stjórnenda fyrirtækja. Það er líka á hendi okkar allra.

Ef þið verðið í ykkar starfi vör við samkeppnishindranir af því tagi sem ég ef rakið hér að framan, ber ykkur að aðhafast. Í þessu efni getur enginn látið eins og hann sitji í farþegasætinu laus við alla ábyrgð. Samkeppnislögreglu eru of alvarleg fyrir atvinnulífið, neytendur og samfélagið allt til þess að þið getið leyft ykkur það. Ef þið teljið ykkur hafa vísbendingar um brot á samkeppnislögum eða ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins eigið þið að snúa ykkur til eftirlitsins. Það getið þið gert formlega, óformlega, undir nafni eða nafnlaust.

---